

## Mál nr. 4

### Knattspyrnudeild Völsungs gegn Knattspyrnudeild Gróttu

#### Kæra Völsungs

Bréf þetta er formleg kæra frá knattspyrnudeild Völsungs á Húsavík vegna knattspyrnuleiks Gróttu og Völsungs í 2.flokki sem fram fór á Seltjarnarnesi laugardaginn 30.08 1997 kl. 18.00. Tílefni kærunnar er eftirfarandi:

Þegar stutt var í að leikurinn hæfist tók þjálfari Völsungs eftir því að engir aðstoðardómarar voru sjáanlegir. Þjálfarinn gekk því áleiðis til dómara sem þá var staddur á miðju vallarins og bæði lið höfðu stillt sér upp. Þegar þjálfarinn hafði gengið örfá skref inn á völlinn sá dómari til hans og kallaði strax á hann og skipaði honum að hverfa aftur til varamannaskýlis. Þjálfarinn sagðis þurfa að tala við hann mjög nauðsynlega en dómari skeytti því engu og skipaði þjálfara öðru sinni að hverfa til varamannaskýlis. Þjálfara fannst sér misboðið og langt frá því að sér væri sýnd almenn kurteis og virðing. Þjálfarinn stöðvaði þó göngu sína inn á völlinn og kallaði til dómara að hann gerði athugasemd við það að ekki væru neindir aðstoðardómarar sjáanlegir. Dómari kallaði til baka að hann sem dómari hefði samþykkt að dæma leikinn án aðstoðardómara og að þjálfaranum kæmi það ekki við. Þjálfarinn vitnaði þá í lög og reglugerðir og sagði að það væri skylda í þessum aldursflokki að hafa aðstoðardómara og að hann vildi gera formlega athugasemd á skýslur áður en leikur hæfist. Dómari sagðist skyldi leyfa þjálfaranum að skrifa athugasemdina á skýrsluna að leik loknum en fyrr ekki. Þjálfarinn féllst á þetta með því skilyrði að það yrði tekið skýrt fram á skýrslunni að athugasemdin hefði verið gerð fyrir leik.

Þjálfara var ljóst á meðan á leik stóð að hann hefði haft rétt til að láta lið sitt ganga út af leikvelli og neita að hefja leikinn. Ef ekki hefðu komið aðstoðardómarar innan hálftrar klukkustundar frá því að leikur átti að hefjast hefði þjálfara verið heimilt að yfirgefa staðinn ásamt liði sínu (sbr. símtal þjálfarans úr GSM síma við Geir Þorsteinsson hjá KSÍ kl. ca. 18.45 til 18.50 þennan dag.) Þessu til stuðnings vitnar undirritaðir í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót lið 3.5.3 um dómgæslu en þar er tilgreint að heimalið skuli vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í landsmóti 2. flokks karla. Þetta gerði þjálfari hins vegar ekki. Leikurinn var spilaður en þjálfara 2. flokks Völsungs og stjórn knattspyrnudeildar sama félags finnst hins vegar ótækt með öllu að láta bjóða sér og liðsmönnum sínum upp á því líkt og annað eins þar sem þetta er í fyrst lagi brot á þeim reglum sem KSÍ setur og í öðru lagi mjög slæmt fyrir þá leikmenn sem fyrir þessu verða. Leikmenn sem leggja mikið á sig til að ná árangri og ganga að því sem vísu að reglur KSÍ séu virtar í kappleikjum eiga ekki að þurfa að láta bjóða sé annað eins og þetta. Það knattspyrnulega uppeldi sem iðkendurnir hafa fengið hjá þjálfara sínum og félagi getur auðveldlega raskast og skemmst við uppákomu sem þessa. Þetta er knattspyrnudeild Gróttunnar til skammar og stjórn deildarinnar ætti að hugsa betur sinn gang ef halda á úti liðum í yngri flokkum (undirritaður þjálfari hefur það eftir þjálfara Gróttunnar að þetta hafi oft komið fyrir áður þetta sumar, að það sé mjög erfitt að fá dómara innan félagsins til að dæma þessa leiki og því þurfi knattspyrnudeildin að kaupa dómara annars staðar frá eins og undirrituðum þjálfara skilst að hafi verið raunin í þessu tilfelli). Þó að þetta sé kannski aukaatriði í kæru þessari þá þurfa félögin auðvita að gera sér grein fyrir því að þetta er vanvirðing við mótherjana, KSÍ og knattspyrnuna í heild sinni og eykur ekki líkurnar á því að við náum að lyfta íslenskri knattspyrnu á hærra plan í framtíðinni sem hlýtur að vera markmið allra metnaðarfullra þjálfara og stjórna hjá félögunum.

Með kæru þessari vonast undirritaðir sem fulltrúar knattspyrnudeildar Völsungs til þess að úrslit þessa leiks verði dæmd ómerk. Kæran er lögð fram vegna þess skýlausa brots sem þarna var framið á reglum KSÍ. Hún er lögð fram til að reyna að hindra að hlutir sem þessir geti eyðilagt æskilega þróun íslenskrar knattspyrnu til vegsemdar og virðingar á alþjólegan mælikvarða. Hún er lögð fram til að áhugasamir iðkendur þessarar íþróttagreinar lendi ekki í slíkum hremmingum og beri áfram fulla virðingu gagnvart þeim reglum KSÍ sem í gildi eru hverju sinni. Við Völsungar byðjum mótanefnd KSÍ að bregðast við þessari kæru á þann hátt að dæma úrslit leiksins ómerk, ekki síst til að hindra það að reglugerðarbrot sem þessi geti endurtekið sig og skemmt þar með fyrir framgang íslenskrar knattspyrnu.

Virðingarfullt,  
Viðar Sigurjónsson þjálfari 2.flokks  
Jón Arnar Baldurs formaður  
knattspyrnudeildar Völsungs

### **Úrskurður Knattspyrnudómstóls Reykjaness**

Miðvikudaginn 30. september 1997 kom Knattspyrnudómstóll Reykjaness saman kl. 13.00 á skrifstofu KSÍ Laugardal, 104 Reykjavík og tók fyrir mál nr. 2/1997

Íþróttafélagið Völsungur, knattspyrnudeild  
gegn  
Íþróttafélaginu Gróttu, knattspyrnudeild

### **Var kveðinn upp svofelldur dómur**

Kært er fyrir brot á 3. kafla 3.5. 3 tl. í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót vegna leiks liðanna í Íslandsmóti karla í 2. flokki C1, sem fram fór á Gróttuvelli 30. ágúst s.l. kl. 18.00

Aðstoðardómarar voru ekki mættir þegar hefja átti leikinn og gerði þjálfari kæranda athugasemd við þetta fyrir leik og var þetta skráð á leikskýrslu KSÍ. (Dagsetning á leikskýrslu er röng og var það leiðrétt af aðilum hér fyrir dómi).

Krafa kæranda er að úrslit leiksins verði dæmd ómerk.

Kærði vísar til þess að fyrir hafi legið heiðursmannasamkomulag félaganna og dómara fyrir leikinn um að leikurinn skyldi háður þrátt fyrir að aðstoðardómara vantaði á staðinn.

Þessu hafnar kærandi alfarið hér fyrir dómi. Segir ekkert heiðursmannasamkomulag hafa legið fyrir.

### **Álit dómsins**

Það er óumdeilt í máli þessu að aðstoðardómarar voru ekki til staðar er leikur liðanna átti að hefjast og að þjálfari kæranda gerði athugasemd við þetta sem var skráð á leikskýrslu fyrir leik, sbr. dskj. nr. 1.

Kærði heldur fram heiðursmannasamkomulagi um að leikurinn skyldi háður þrátt fyrir þetta. Þessu hafnar kærandi alfarið.

Það er álit dómsins að kærði hafi brotið ákvæði 3.kafla 3.5. 3.tl. 2. mgr.b. í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, þar sem skýrt er kveðið á um að heimalið skuli vera ábyrgt fyrir aðstoðardómurum í landsmóti og bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna.

Áskilnaði í 4. kafla 4.2. 1. tl. þar sem mælt er fyrir um að öll ástandsbrot skulu borin fram við dómara fyrir leikinn, ella fyrirgeri leikaðilar rétti sínum til að kæra, er fullnægt. Með vísan til 3. kafla 3.5. 6. tl. í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal afmá úrslitin í leik liðanna sem ágreiningur þessi stendur um og skal leikurinn settur á að nýju á heimavelli kæranda. Það athugist að við þessar kringumstæður bar að fresta leiknum og setja hann á að nýju á heimavelli aðkomuliðs, eins og mælt er fyrir um í ofangreindu ákvæði.

### **Dómsorð**

Úrslit í Íslandsmóti í 2. flokki karla C1 í knattspyrnu, í leik Íþróttafélagsins Gróttu gegn Íþróttafélaginu Völsungi, 8-0 skulu afmáð, og leikur liðanna settur á að nýju á heimavelli aðkomuliðs.

Dómþingi slitið kl. 13.30.

Halldór Frímannsson (sign)  
Ásbjörn Jónsson (sign)  
Gunnlaugur Magnússon (sign)